

Nefndarálit

um frumvarp til laga um dreifingu váttrygginga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sóleyju Ragnarsdóttur frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Guðrúnu Finnborgu Þórðardóttur og Ragnheiði Morgan Sigurðardóttur frá Fjármálaeftirlitinu. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Fjármálaeftirlitinu og Samtökum fjármálafyrirtækja auk minnisblaðs frá ráðuneytinu.

Með frumvarpinu er lagt til að ný heildarlöggjöf um dreifingu váttrygginga taki gildi og komi í stað eldri laga um miðlun váttrygginga, nr. 32/2005. Með lögnum verða tekin upp í íslenskan rétt tiltekin ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 um dreifingu váttrygginga, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 214/2018, frá 26. október 2018.

Breytingartillögur nefndarinnar.

Hæfisskilyrði váttryggingasölumanna (23. gr.).

Í c-lið 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins kemur fram að váttryggingasölumaður megi ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Í umsögn sinni gerðu Samtök fjármálafyrirtækja athugasemd við að þetta hæfisskilyrði væri ótímabundið og bentu á að annars staðar í lögum mætti finna ákvæði þar sem sambærileg skilyrði væru bundin við að viðkomandi hefði ekki hlotið dóm fyrir refsivert athæfi undanfarin 10 ár.

Í minnisblaði til nefndarinnar benti ráðuneytið á að í sambærilegu ákvæði tilskipunarinnar væri ekki að finna tímamörk. Í sambærilegum ákvæðum í dönskum og norskum lögum væri ekki heldur að finna tímamörk en þar væri skilyrðið hins vegar þannig afmarkað að eðli hins refsiverða brots rýrði möguleika viðkomandi til að njóta trausts og sinna starfi sínu með fullnægjandi hætti. Í samráði við ráðuneytið leggur nefndin til breytingu á c-lið 1. mgr. 23. gr., sem og á sambærilegum ákvæðum í d-lið 1. mgr. 22. gr. og c-lið 1. mgr. 24. gr., í þessa veru.

Eftirlit með starfsemi útibúa (45. gr.).

Í 45. gr. frumvarpsins kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með því að starfsemi útibúa erlendra félaga hérlendis sé í samræmi við ákvæði laganna. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins til nefndarinnar er lagt til að orðalagi 1. mgr. ákvæðisins verði breytt og þar nánar skýrt á grundvelli hvaða ákvæða stofnunin hefur heimild til að beita sér gagnvart dreifingaradila samkvæmt tilskipuninni. Nefndin fellst á ábendinguna og leggur til að í stað 1. og 2. mgr. 45. gr. komi ein ný málsgrein þar sem tiltekið verður að Fjármálaeftirlitið geti gripið til viðeigandi ráðstafana hafi stofnunin ástæðu til að ætla að starfsemi útibús hér á landi sé ekki í samræmi við heilbrigða viðskiptahætti skv. 32. gr. eða 1.–2. mgr. 33. gr.

Gildistaka frumvarpsins (58. gr.).

Samkvæmt frumvarpinu öðlast það lagagildi 1. ágúst 2019. Fyrir nefndinni hafa komið fram sjónarmið um hvort tveggja, að flýta og að seinka gildistöku. Í minnisblaði sem ráðuneytið sendi nefndinni er forsaga frumvarpsins rakin frá gildistöku tilskipunarinnar í Evrópusambandinu og upptöku hennar í EES-samninginn og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé tilefni til að fresta gildistöku frumvarpsins frekar. Í umsögn sinni og á fundi nefndarinnar mæltu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins með því að frumvarpið tæki þegar gildi. Bentu fulltrúarnir á að nauðsynlegt væri að 44. og 45. gr. frumvarpsins, um eftirlit með aðilum sem hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki og hafa stofnað útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án starfsstöðvar, tækju þegar gildi, enda væru þeir aðilar þegar farnir að starfa eftir tilskipuninni sem verið er að innleiða og tók gildi í Evrópusambandinu 1. október 2018. Óheppilegt væri að réttarstaða innlendra og erlendra aðila yrði misjöfn fram til 1. ágúst næstkomandi, sem einnig þýddi að neytendur nytu misjafnrar réttarverndar eftir því hvort þeir stunduðu viðskipti við innlenda eða erlenda aðila á þessu sviði.

Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og leggur til að gildistökuákvæðinu verði breytt þannig að lögin öðlist þegar gildi. Nefndin bendir á að um nokkurt skeið hefur legið fyrir að tilskipunin verði innleidd í íslenskan rétt. Að sama skapi er nefndinni kunnugt um að tíma taki fyrir innlenda aðila að aðlagast nýju regluverki og mælist til að tekið verði tillit til þess við framkvæmd eftirlits.

Aðrar breytingar sem nefndin leggur til eru tæknilegs eðlis og ekki ætlað að hafa efnisleg áhrif. Að framansögðu virtu leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. maí 2019.

Óli Björn Kárason,
form.

Brynjar Níelsson,
frsm.

Þorsteinn Víglundsson.

Bryndís Haraldsdóttir.

Oddný G. Harðardóttir.

Ólafur Þór Gunnarsson.

Smári McCarthy.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.